

Reykjavík, 11. ágúst 2023  
IER23080007

### **Lok máls hjá Persónuvernd vegna QuestionPro**

Þann 10. ágúst 2022 sendi Reykjavíkurborg inn tilkynningu til Persónuverndar vegna öryggisbrests í kjölfar netárásar á vinnsluáðilann QuestionPro (málsnr. 2022081304). Upphaflega var talið að við netárásina hefðu netföng, IP tölur, annálagögn og niðurstöður einstakra kannana sem framkvæmdar voru af starfsfólki Reykjavíkurborgar komist í hendur óviðkomandi aðila.

Við frekari athugun kom í ljós að einungis netföng starfsfólks hefðu verið hluti af öryggisbrestinum en hvorki annálagögn né niðurstöður einstakra kannana sem framkvæmdar voru af starfsfólki líkt og talið var upphaflega, sem fram kom í frekari svörum Reykjavíkurborgar til Persónuverndar með tölvupósti dags. 1. febrúar 2023. Var vinnslusamningur á milli Reykjavíkurborgar og QuestionPro einnig sendur Persónuvernd vegna málsins.

Með vísan til framangreindra upplýsinga taldi Persónuvernd ekki tilefni til frekari aðgerða vegna öryggisbrestsins að svo stöddu. Komi fram nýjar upplýsingar, kvörtun berst frá einstaklingi eða nýjar tilkynningar berast um öryggisbrest í tengslum við málið kann það að vera tekið upp að nýju, í heild sinni eða að hluta.

Telst málinu því lokið af hálfu Reykjavíkurborgar, að svo stöddu.

Virðingarfyllst,  
Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir Bachmann  
*Innri endurskoðun og ráðgjöf*